

Inngangur

Starfsáætlun Fellaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hér er aðeins um yfirlit að ræða yfir helstu áherslur, viðburði og markmið í skólastarfinu. Hér má einnig finna ýmsar hagnýtar upplýsingar.

Fellaskóli Múlapingi

Heimilisfang: Skólabrú 2/ Einhleypingi 2, 700 Egilsstöðum

Sími: 4700640

Netfang: fellaskoli@mulathing.is

Heimasíða: <http://fell.is>

Skólastjóri: Anna Birna Einarsdóttir

anna.einarsdottir@mulathing.is

Aðstoðarskólatjóri: Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar

Margret.gudgeirsdottir@mulathing.is

Verkefnastjóri stoðþjónustu: Helena Rós Einarsdóttir

helena.einarsdottir@mulathing.is

Grunnskólinn Borgarfirði eystra

Sími: 47000560 og 47000561

Skólastjóri: Anna Birna Einarsdóttir

anna.einarsdottir@mulathing.is

Deildarstjóri: Tinna Jóhanna Magnússon

tinna.magnusson@mulathing.is

Stefna Fellaskóla

Bókvit – siðvit – verkvit

Einkunnarorð Fellaskóla byggja á ljóðlínunum Stephans G. Stephanssonar,

*Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að bjóða
Hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna og góða.*




Í stefnu Fellaskóla felst að við leggjum jafna áherslu á bókvit, siðvit og verkvit. Starfið skal stuðla jafnt að tilfinningalegum, vitsmunalegum og félagslegum þroska.

Í skólanum er stefnt að því að nemendur öðlist alhliða menntun og að hæfileikar hvers og eins fái notið sín.

Leitast skal við að hafa markmiðin skýr fyrir nemendum og þeir eru studdir við að taka ábyrgð í námi og vera við stjórn á framvindu eigin náms.

Í skólanum ríkir samkennd og vinátta. Lögð er áhersla á að öllum nemendum líði vel og finni til öryggis

Skipurit Fellaskóla



**Fræðslustjóri
Múlaþingi**

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Kennsla

- **Deildarstjóri BE**
- Umsjónarkennarar
- Sérgreinakenningar
- Þroskaþjálfari

Stoðþjónusta

- Verkefnastjóri stoðþjónustu
- Sérkennarar
- Stuðningsfulltrúar

Þjónusta

- Ritari
- Skólaliðar

Að auki eru það

- Skólaráð
- Foreldrafélag
- Nemendaverndarráð
- Nemendaráð

Stjórnun

Skólastjóri er Anna Birna Einarsdóttir. Hún er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart fræðslustjóra og sveitastjórn. Aðstoðarskólastjóri er Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar og Verkefnastjóri stoðþjónustu og tengiliður farsældar er Helena Rós Einarsdóttir

Tinna Jóhanna Magnusson er deildarstjóri á Borgarfirði eystra og fer með daglega stjórnun og umsýslu þar.

Starfsfólk

Starfsmannahópur Fellaskóla skólaárið 2025- 2026 eru 26 starfsmenn í mismunandi stöðuhlutföllum. Á vegum heilsugæslunnar starfa skólahjúkrunarfræðingar og einnig vinna með okkur starfsmenn skóla- og frístundasvið Múlaþings og starfsmenn ALL teymis félagsþjónustu Múlaþings.

Í grunnskólanum á Borgarfirði eystra eru í samreknum leik- og grunnskóla 5 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum.

Starfsáætlun 2025 - 2026

Skólaárið 2025 - 2026 eru allir árgangar í blönduðum lotuverkefnum í hverri viku. Kennslufyrirkomulagið er með þeim hætti að kennt er á yngsta stigi (1. – 4. bekk), miðstigi (5. – 7. bekk) og unglingastigi (8. – 10. bekk). Útfærslurnar á stigunum eru með mismunandi hætti.

Á hverju stigi starfa kennarar og annað fagfólk saman í teyminum. Teymin skipuleggja í sameiningu vinnuna sem fram fer á stigunum.

Á yngsta stigi er námið skipulagt m.a. út frá aðferðum Byrjendalæsis, Leiðsagnarnáms og jákvæðum aga. Fyrsti og annar bekkur verður í sama umsjónarhóp, þriðji bekkur er umsjónarhópur og fjórði bekkur einnig. Hins vegar verðum árgangahópum skipt upp í vinnuhópa þvert á árganga. Það verða þrír til fjórir lærdómshópar þvert á aldur sem vinna saman í lotuverkefnum. Sérkennari kemur inn í bekk endrum og sinnum eða tekur út nemendur til frekari þjálfunar.

Allt yngsta stig er saman í útinámi en að öðru leiti er þeim skipt upp í lærdómshópa.

Á miðstigi eru nemendum 5., 6., og 7. bekk í þremur umsjónarhópum. Jafnframt er nemendum skipt niður í hópa eftir áherslum verkefna hverju sinni. Þar er lögð áhersla á útikennslu og útinám. Námið skipulagt í lotum út frá þeim að hluta til en einnig tímar í töflu í ákveðnum námsgreinum. Í lotuverkefnum vinnur allt miðstig saman eða hópnum er skipt upp í minni hópa þvert á árgang.

Á unglingastigi er nemendum skipt niður í tvo umsjónarhópa, 8. og 9. bekkur eru samkennsluhópur og 10. bekkur er umsjónarhópur. Það er skipt upp í blandaða hópa þegar við á s.s. í lotuvinnu og greinakennsla þegar svo ber undir. Námið á unglingastigi er skipulagt í

lotum sem vara í ákveðinn tíma. Í lotunum er leitast við að samþætta námsgreinar og gefa nemendum svigrúm til þess að axla meiri ábyrgð á eigin námi. Nemendur fá lotuskipulag í byrjun hvernar lotu þar sem þau eru ábyrg fyrir að vinna í þeim námsgreinum sem þau telja sig þurfa að vinna mest í hverju sinni og njóta aðstoðar kennara við það.

Við skipulag kennslu er horft til þess að nemendur eru á hverjum tíma mislangt komnir á mismunandi sviðum þroska. Nemendur hafa einnig mismunandi styrkleika, áhugasvið og getu. Námi og öðru starfi skólans er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemandans út frá forsendum og hæfileikum hvers og eins. Skólastarfið miðast við að stuðla jafnt að tilfinningalegum og félagslegum þroska sem og vitsmunalegum.

List- og verkgreinar skólaárið 2025 – 2026 verða kenndar með fjölbreyttum hætti. Á yngsta stigi eru nemendur í tónmennt, heimilisfræði og listasmiðju sem inniheldur textílmenn og myndmenn. Á miðstigi eru nemendur í verklegri smíðavinnu í lotu að hausti og vori sem kennd verður utandyra, textílmenn og skapandi smíðju sem kemur inn á myndmenn og tjáningu ásamt verklegri færni.

Á unglingastigi verða valgreinar og list- og verkgreinar kenndar í lotum með þátttöku utanað komandi aðila s.s. náttúruskólinn og fl.

Útinám hefur verið í stöðugri þróun og við munum vera í auknu samstarfi við náttúruskólann varðandi það.

Frá hádegi á föstudögum er val fyrir alla nemendur skólans – litla val sem einskorðast við stigin þrjá föstudaga og stóra val einu sinni í mánuði og þá hafa nemendur fjölbreytt val þvert á öll skólastigin um dans, tónlist, myndlist, matreiðslu, spil, íþróttir og flr.

Markmið og leiðarljós á öllum stigum í Fellaskóla:

- ♥ Efla og styrkja sjálfstæði nemenda í námi með lotuskipulagi sem skapar nemendum tækifæri til að velja leiðir og byggja á styrkleikum sínum þar sem opnar spurningar og áhugahvöt drífa verk og vinnu nemenda áfram.
- ♥ Gefa nemendum tækifæri til að kafa dýpra í viðfangsefnið – læra meira (opnar lotur)
- ♥ Leita leiða til að vekja áhuga nemenda á viðfangsefnum skólans með fjölbreyttum leiðum.
- ♥ Leggja með markvissum hætti aukna áherslu á útinám og tengja námið og vettvangsferðir því. Æfa þrautseigju, samvinnu og ígrundun jafnt úti sem inni.
- ♥ Vinna samkvæmt aðferðum leiðsagnarnáms – æfa hugarfar vaxtar og stuðla að menningu þar sem allir vita hver markmiðin eru og hafa tækifæri til að vaxa.
- ♥ Stuðla að farsæld allra nemenda í samræðum með markvissum hætti um líðan, ábyrgð, umburðarlyndi, vináttu, virðingu og gildi.
- ♥ Taka þátt í verkefnum utan skóla sem styðja við þær áherslur sem við ætlum að hafa,
- ♥ Virðing, vinátta, vöxtur og vellíðan.

Hagnýtar upplýsingar

Fellaskóli er einn af sex grunnskólum í sameinuðu sveitafélagi Múlaþingi. Frá áramótum 2020 – 2021 eru Grunnskólinn á Borgarfirði og Fellaskóli með sameiginlegan skólastjóra en deildarstjóri á Borgarfirði sér um alla daglega umsýslu í grunnskólanum þar. Undanfarin ár hafa grunnskólinn á Borgarfirði og Fellaskóli verið í samvinnu þar sem nemendur frá Borgarfirði hafa komið í Fellaskóla í hverri viku og sótt þær kennslustundir sem eru í boði þann dag.

Á Borgarfirði eystra 2025 – 2026 eru 2 nemendur í grunnskólanum og 10 nemendur á leikskólanum. Þar eru 5 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum. Samstarf er á milli tónlistarskólans á Brúarási og grunnskólans á Borgarfirði og frá Brúarási koma tónlistarkennarar einu sinni í viku á Borgarfjörð.

Tónlistarskóli Fellabæjar er staðsettur inni í Fellaskóla og fyrir vikið náðið samstarf á milli grunn- og tónlistarskóla.

Í Fellaskóla eru 86 nemendur og 24 starfsmenn í misjöfnum starfshlutföllum skólaárið 2025 – 2026.

Stór hluti nemenda koma úr nærliggjandi sveitum og koma með skólabíl. En þorri nemenda kemur úr Fellabæ.

Nemendum gefst kostur á að vera í mótuneyti skólans sem er samrekið mótuneyti fyrir alla skóla Fljótshálsbæjar. Frá og með haustinu 2024 eru skólamáltíðir í grunnskólum Múlaþings gjaldfrjálsar.

Í skólanum er frístund og þar geta nemendur í 1. – 4. bekk dvalið frá kl. 8.00 – 9.00 á morgnanna og 14.00 – 16.00 eftir að skóla lýkur. Klukkustund í frístund kostar 342 kr. Nemendur í skólaakstri eiga rétt á (án endurgjalds) að vera í frístund þar til skóla er lokið hjá eldri stigum.

Skólinn opnar kl. 8.00 fyrir nemendur í frístund en 8.45 fyrir aðra nemendur. Fellaskóli er staðsettur við Skólabrún 2 áður Einhleyping 2 í Fellabæ. Síminn er 4700640 og heimasíðan <https://www.fell.is/>

Um skólaakstur sjá:

Benedikt Blöndal Vellir/ Sigurður Karl Benediktsson
Hlynur Bragason Eiðapínghá og Útfell
Jón Eiður Jónson Framfell
Sigurbjörg og Ásta Skriðdalur

Skólaráð 2025 - 2026

Anna Birna Einarsdóttir skólastjóri

Áslaug Sigurgestsdóttir kennari

Margrét Dögg Guðgeirsdóttir kennari

Ástríður Vala Gunnarsdóttir starfsmaður

Guðný Drífa Snædal foreldri

Kristín Una Friðjónsdóttir foreldri

Laufey Helga Einarsdóttir nemandi 10. bekk

Egill Freyr Ólafsson 10. Bekk

Þeir sem eru rauðlitaðir detta út að vori 2024 og nýir koma inn að hausti þegar búið verður að kjósa nýja inn í foreldrafélagið.

Nemendafélag Fellaskóla

Kynning, lög og starfsreglur

Við alla grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m. a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjór sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur m.a. kostningu í stjórn félagsins og kostningu í skólaráð skv. 2. mgr.8. gr.

Nemendafélag:

Anna Guðlaug Gunnbjörnsdóttir 10. bekk

Thea Sóley Schnabel 10. bekk

Edda Lind Einarsdóttir Hallbach 9. bekk

Victoría Anna Sharam 8. bekk

Kosið verður um tvo til þrjá nýja aðila í nemendafélagið 2025 – 2026.

Starfsreglur nemendafélags Fellaskóla

1. Í nemendafélaginu sitja fulltrúar nemenda í fjórum elstu árgöngum skólans, einn úr hverjum árgangi 8. – 10. bekk. Valið hefur verið í ráðið á haustin í samstarfi við nemendur, kennara og skólastjóra.
2. Nemendafélagið fjallar um efni sem tengjast félagsstarfi nemenda og leitar leiða til þess að styðja við jákvæðan skólabrag og virkja aðra nemendur. Nemendaráð getur komið með tillögur að viðburðum og verkefnum á skólaárinu.
3. Fulltrúar í nemendarráð geta tekið upp mál á fundum að eigin frumkvæði og einnig sem fulltrúar annarra nemenda.
4. Skólastjórnandi starfar með nemendaráði og sér um að boða fundi.
5. Nemendafélag fundar einu sinni á sex vikna tímabili.

Leyfi nemenda.

Nemendum ber að mæta vel upplagðir í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag. Þeim ber að mæta stundvíslega í hverja kennslustund. Sé ekki sótt um leyfi fyrirfram hjá umsjónarkennara eða skólastjórnendum verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Umsjónarkennari viðkomandi nemanda hefur heimild til að veita leyfi úr einstaka kennslustundum í allt að tvo skóladaga að fengnum rökstuddum ástæðum foreldra. Um lengra leyfi þarf að sækja til skólastjórnenda með góðum fyrirvara.

Í lögum um grunnskóla segir svo: Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu frá skólasókn er skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara barnsins telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Veikindi nemenda.

Veikindi nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Það er hægt að gera símleiðis eða með tölvupósti. Það er einnig hægt að skrá veikindi inni í Mentor. Hringt er heim til nemenda á yngsta stigi ef engin skýring er á fjarvist viðkomandi. Á eldri stigum er sendur heim póstur. Ef nemandi er veikur samfleytt í 10 daga er óskað eftir læknisvottorði.

Ef nemendi er kominn með **5% fjarvistir**, þá hringir umsjónarkennari heim og lætur foreldra vita. Ástæða fjarvistanna er rædd og mögulegar úrbætur. Námsleg og félagsleg staða nemandans er metin og viðeigandi stuðningur veittur ef þörf er á.

Ef fjarvistir halda áfram og nemandi er kominn upp í **10% fjarvistir**, þá eru foreldrar og eftir atvikum nemandi boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnendum skóla þar sem vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur um úrbætur sem gildir til skamms tíma, 3-4 vikna hið mesta. Ef ekki gengur betur á samningstíma, er máli nemandans vísað til Austurlandsteymisins. Þar sitja sérfræðingar frá skóla, félagsþjónustu og heilsugæslu sem geta boðið meiri stuðning og aðstoð en skólinn einn og sér.

Myndatökur og myndbirtingar í skólastarfi.

Lögð er áhersla á að mynda nemendur við leik og störf í skólanum til að gefa öðrum kost á að fylgjast með því sem um er að vera í skólanum. Foreldrar/ forráðamenn ákveða í samráði við börn sín hvort þau samþykkja að teknar séu myndir að börnunum í skólastarfinu og fylla út þar til gert eyðublað. Myndirnar eru vistaðar á öruggu svæði skólans og eingöngu notaðar með fréttum af skólastarfinu á heimasíðu skólans.

Skóladagatal

Skóladagatal er að finna á heimasíðu skólans. Það sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 og þar af er miðað við allt að 10 dögum með skertri/sveigjanlegri kennslu, það er að segja nemendur eru ekki fullan skóladag í skólanum.

Skólabyrjun/skólalok

Skólaárið hefst á skólasetningardegi 22. ágúst 2025 og því lýkur á skólaslitadegi þann 8. Júní 2026.

Skóladagurinn

Skóli hefst kl. 9:00 og stendur til kl. 14:00 alla daga vikunnar hjá yngsta stigi (1. – 4. bekk). Skóladagurinn hjá mið- og unglingastigi er frá kl. 9:00 til 14:00 á mánudögum og föstudögum. En þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga er skóladagurinn þeirra til kl. 15:00.

Frímínútur hjá yngsta stig eru frá kl. 10:00 – 10:20 alla daga vikunnar.

Frímínútur á mið- og unglingastigi eru frá kl. 10.20 – 10.40 alla daga vikunnar.

Hádegisverður hjá yngsta stigi er kl. 11:30 og frímínútur frá kl. 11:50 – 12:00

Hádegisverður hjá miðstigi er kl. 11:50 og frímínútur frá kl. 12:10 – 12:30

Hádegisverður hjá unglingastigi er kl. 12:10 og frímínútur frá kl. 12:30 – 12.50

Leyfis dagar

Jólaeyfi er frá og með 20. desember til og með 5. janúar. Páskaleyfi er frá og með 28.

mars til og með 6. apríl. Kennsla hefst 7. apríl. Haustfrí er 16. og 17. október. Vetrarfrí verður 19. og 20. febrúar.

Starfsdagar kennara

Starfsdagar kennara við upphaf skólaárs eru 15. - 21. ágúst og 9. – 11. júní við lok skólaárs.

Starfsdagar kennara á skólaárinu eru 3. nóvember, 21. nóvember, 2. febrúar, 9. mars og 24. apríl.

Viðburðardagatal

22. ágúst - skólasetning

25. – 29. ágúst – útivistardagar

26. september - endurmenntunardagur kennara og þá ekki skóli hjá nemendum

16. og 17. október - haustfrí

4. nóvember – foreldrasamtöl

8. nóvember – baráttudagur gegn einelti

4. desember – jólaföndur frá kl. 16.00 – 18:00

19. desember – Litlu jólin

3. febrúar - foreldrasamtöl

13. febrúar – skíðaferðalag

18. febrúar – öskudagur

19. – 20. febrúar– vetrarfrí

26. mars - árshátíð

27. mars – föstudagurinn stutti

1. – 5. júní - útinámsdagar

8. júní- skólaslit

Útinám

Fyrstu og síðustu dagar hvers skólaárs eru helgaðir útivist. Þá daga eru nemendur með umsjónarkennara sínum og e.t.v. fleiri bekkjum við leik og störf. Í Fellaskóla er lögð áhersla á útinám og við höfum „verndarsvæði“ til afnota sem skólastofu utan dyra. Við erum í samstarfi við Náttúruskólann og í samstarfi við þau förum við ferðir með nemendum. Í haust fer miðstigi í Óbyggðasetur og upp í Laugarfell með Náttúruskólanum, yngsta stig fer í febrúar með Náttúruskólanum í Blöndalsbúð og unglingastig gengur Fossgönguleið með Náttúruskólanum í lok maí.

Fastar gönguleiðir á haustin hjá yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi eru eftirfarandi leiðir og þær rúlla á þremur árum.

Hrafnafell/Dansgjá - Fjallssel/Meðalnes - Rangárhnúkur

Hallormsstaðaskógur - Bjargseisbotnar - Hallormsstaðaháls

Húsatjörn á Eiðum - Stapavík – Stórurð

Á vorin ganga allir Ekkjufellið.

Öskudagur

Öskudagur er skertur skóladagur en þá er styttri viðvera en aðra daga. Nemendur mæta klæddir í öskudagsbúninga og er haldið upp á daginn á sal skólans þar sem farið er í leiki, dansað og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Foreldrasamtöl

Foreldradagar eru 4. nóvember og 3. febrúar. Þá mæta nemendur til samtals við umsjónarkennara sinn ásamt foreldrum. Í upphafi skólaárs eru foreldrar nemenda í 1. bekk ásamt nemendum boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjóra.

Skertir dagar

Uppbrotsdagar eða óhefðbundnir daga á skóladagatali eru níu. Þrjá daga eru tvöfaldir dagar, þeir eru: Göngudagur að hausti, föndurdagur fyrir jól og árshátíð í mars. Skertir dagar með styttri viðveru eru sjö. Það eru skólasetning, foreldrasamtöl, Litlu jólin, öskudagur, föstudagurinn stutti og skólaslit.

Bleikir dagar á skóladagatali eru 10 og þá er allur skóladagur nemenda og kennara undir – þ.e. ekki endilega kennt samkvæmt stundatöflu

Þorrablót

Þorrablót Fellaskóla er haldið á Bóndadegi ár hvert. Þorrablótsskipulag er í höndum 8. bekkjar, en allir bekkir fá tækifæri til að koma með skemmtiatriði. Þorrablótið fer fram í hádeginu og er þá etinn þorramatur, sunginn fjöldasöngur og dansað.

Skíðaferðalag

Reynt er að fara í skíðaferð einu sinni hvert skólaár. Þá fara allir nemendur skólans saman og verja einum skóladegi í fjallinu. Lagt er af stað kl. 9:00 og koma allir nemendur heim um kl. 14:40. Farið er á skíðasvæðið í Stafdal. Skíðaferðin er á áætlun fimmtudaginn 13. febrúar en verður farin þegar veður og færð leyfa og ef það verða breytingar verður það auglýst með stuttum fyrirvara.

Árshátíð

Árshátíð Fellaskóla verður haldin 26. mars og þar sýnar nemendur afrakstur æfinga og skapandi vinnu með kennurum sínum, foreldrum og ættingjum.

Föstudagurinn stutti

Daginn eftir skólasamkomu er föstudagurinn stutti haldinn hátíðlegur. Þann dag snýst skólastarfið að mestu um páskaferðir, en nemendur og geta valið sig á stöðvar eftir áhugasviði. Í hádeginu borða allir saman áður en haldið er í páskafrí.

Ferðir á vegum skólans

Á haustin fara allir nemendur í daglanga göngu, mislangar göngur sem taka mið af aldri nemenda. Undanfarin ár hefur unglingastig farið til Akureyrar og heimsótt framhaldsskóla og tekið þátt í skólahreysti.

Miðstig fer á Borgarfjörð eystri og vinnur að verkefnum tengdum náttúrunni og yngsta stig fer einnig í ferðir í nærumhverfið og kynnir sér menn og málefni tengd því hverju sinni sem unnið hefur verið með í lotuvinnu í skólanum.

Á vorin þræmma allir á Ekkjufellið.

Ferðir á vegum skólans taka mið af verkefnum nemenda á skólaárinu, einnig förum við hefðbundnar og fastar ferðir og svo styttri ferðir þegar tækifæri gefst. Þar fyrir utan eru kennarar og nemendur duglegir að ganga eða fara með strætó í styttri ferðir um samfélagið.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru inni á heimasíðu skólans <https://www.fell.is/> undir flípanum Námið.

Starfsfólk

Anna Birna Einarisdóttir Skólastjóri
Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar Aðstoðarskólastjóri
Helena Rós Einarisdóttir Verkefnastjóri stoðþjónustu og tengiliður farsældar
Kristjana Ditta Sigurðardóttir Skólaritari
Elke Angelika Schnabel sérkennari
Elísabet Ósk Sigurðardóttir Þroskajálfi
Arna Karen Viggósdóttir Íþróttakennari

Teymi - Yngsta stig

Áslaug Sigurgeirsdóttir umsjón 3. bekkur
Kristín Hrönn Sævarsdóttir umsjón 1. og 2. bekkur
Sara Lind Magnúsdóttir umsjón 4. bekkur
Vantar stuðningsfulltrúa

Teymi - Miðstig:

Heiðrún Erla Hjartardóttir umsjón 7. bekkur
Þórður Mar Þorsteinsson umsjón 5. og 6. bekkur
Kristín Þorvaldsdóttir stuðningsfulltrúi
Jóhann Gunnar Einarsson stuðningsfulltrúi
Tinna Jóhanna Magnússon kennari
Birna Andrésdóttir kennari

Teymi – Unglingastig

Jóhann Örvarsson kennari
Margrét Dögg Guðgeirsdóttir umsjón
Sólrun Víkingisdóttir umsjón

List – og verkgreinar

Þórhalla Sigmarsdóttir – textílmennt
Vantar heimilisfræðikennara

Skólaliðar/ stuðningur

Anna Kjerulf
Ástríður Vala Gunnarsdóttir
Fanný Ósk Mittelstein

Harpa Hlín Jónasdóttir

Borgarfjörður eystri

Birna Andrésdóttir kennari

Nataliia Bernatska þrif

Tinna Jóhanna Magnusson Deildarstjóri 1 - kennari

Skólahjúkrun

Er í skólanum á mánudögum

Björg Eyþórsdóttir

Kennarafundir eru anna hvern miðvikudag frá kl. 15:00 – 16:00

Stýrihópar funda einn miðvikudag í mánuði.

Fundir skólaráðs eru þrír á skólaárinu að auki einn morgunverðarfundur með foreldrum.

Nemendur

Val nemenda á unglingastigi

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólanna eiga nemendur á unglingastigi að hafa 870 mínútur á viku til ráðstöfunar í val. „*Að ósk foreldra er heimilt að meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi.*“ Bls 50. Aðalnámskrá Grunnskóla. Nemendur fá metna atvinnuþátttöku, íþróttæfingar, þátttöku í Björgunarsveitinni og tónlistarnám allt að 60 mínútur á viku á mánudögum.

Byggt á reynslu síðustu ára í valgreinakennslu ætlum við á komandi skólaári að festa valgreinar. Þannig fá nemendur kennslu í þeim greinum sem boðið hefur verið uppá í valgreinum undanfarin ár en þau velja ekki hvenær eða hvernig þau taka þær. Við ætlum að leggja áherslu á útinám, sjálfsefingu, heimilisfræði og textílmenn. Útinámið er byggt upp með mörgum þáttum þar á meðal verklegri þjálfun í tálgi, smíðum og öðrum skapandi verkefnum.

Tvær vikur á ári eru nemendur með valverkefni sem þeir vinna undir leiðsögn eða með aðstoð þess mentor sem þau kjósa sér – þetta eru svokölluð áhugasviðsverkefni og afrakstur þessara vikna er sýndur á opnum skóladegi þar sem nemendur starnda og verja sitt verkefni fyrir gestum og gangandi. Áhugasviðsvikurnar eru í desember og maí.

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá fá nemendur á unglingastigi 1480 mín á viku í virkum námstíma. Nemendur á unglingastigi frá 60 mínútur metnar í vinnu. Tónlistarnám, íþróttaiðkun eða sjálfboðastarf og eru því 1380 mínútur í kennslu í skólanum. Frímínútur á morgnanna eru 20 mínútur alla daga nema fimmtudaga en þá eru þau í sundi. Hádegismatur nemenda á unglingastigi eru 40 mínútur.

Foreldrafélag

Stjórn Foreldrafélags Fellaskóla 2023 – 2024

Kosið verður í foreldrafélagið haustið 2025

Formaður: Guðný Drífa Snæland gudnydr@simnet.is

Gjaldkeri: Lilja Sigurðardóttir liljasig1@gmail.com

Ritari: Fríða Björnsdóttir kolbeinsmamma@gmail.com

Varamaður: Fjóla Rún Jónsdóttir fjolarun@egilsstadir.is

Skólareglur Fellaskóla

Skólareglur – (voru endurskoðaðar og bættar í apríl 2025)

Einkunarorð Fellaskóla eru „mennt er máttur ef þú ert sáttur“ og miða skólareglur skólans að því að styðja við jákvæðan skólabrag og vellíðan nemanda.

Í reglugerð um skólareglur í grunnskólum segir m.a. að hver grunnskóli skuli setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Eiga reglurnar að stuðla að því að skólabragur og starfsandi í skólanum sé sem bestur. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.

Allar skólareglur Fellaskóla gilda á skólatíma nemenda sem og í öllum ferðum á vegum skólans.

Almennar reglur

- Við sýnum tillitssemi og fylgjum almennum umgengnisreglum
- Við förum eftir fyrirmælum starfsfólks
- Við leggjum okkur fram við að vera góðar fyrirmyndir og sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi
- Við beitum hvorki andlegu né líkamlegu ofbeldi
- Við gætum þess að hafa vinnufrið
- Við komum ekki með orkudrykki, gosdrykki, snakk eða sælgæti í skólann
- Öll notkun tóbaks, rafretta, áfengis og annarra vímuefna er óheimil í og við skólann

Umgengni

- Við göngum vel um skólann og skólalóðina. Við förum vel með námsgögn, allan búnað skólans og eigur annarra
- Við göngum frá eftir okkur, hendum rusli í ruslafötur og hjálpumst að við að halda skólanum snyrtilegum
- Við leggjum okkur fram við að flokka rusl
- Við förum úr útiskóm í anddyri og röðum í skóhillur

- Við truflum ekki á kennslutíma
- Við höldum okkur innan skólalóðar á skólatíma nema um annað sé samið

Námsgögn

- Við mætum með viðeigandi námsgögn í kennslustundir
- Við mætum með sundföt og handklæði í sund
- Við mætum með íþróttaföt og handklæði í íþróttir

Mætingar

- Við komum á réttum tíma í allar kennslustundir og erum tilbúin að hefja störf þegar kennslustund byrjar
- Við komum vel úthvöld í skólann
- Nemendum er ekki veitt leyfi úr kennslustundum nema að beiðni foreldra/forráðamanna
- Yfirgefi nemandi kennslustund án leyfis kennara fær hann skráða fjarvist

Snjalltækjanotkun

- Við látum ekki snjalltæki trufla okkur í námi
- Símanotkun er óheimil á öllum skólastigum. Ef nemendur verða að vera með símann á skólatíma þá er hann geymdur í öryggishólfi hjá kennara eða ritara og sóttur í lok skóladags. Ekki má taka myndir/myndbönd af nemendum og starfsfólki skólans nema með leyfi þeirra

Viðurlög við brotum á skólareglum Fellaskóla

Við brot á skólareglum fara viðbrögð og viðurlög eftir eðli brots samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í dagsins önn er ekki óeðlilegt að nemendur gleymi sér og þurfi leiðsögn um viðeigandi hegðun. Því eru flest mál leyst innan skólans í samvinnu við nemandann og foreldra/forráðamenn. Sé óviðunandi hegðun viðvarandi er barn stutt til að bæta hegðun sína með markvissum aðgerðum skóla, heimilis og utanaðkomandi aðila eftir því sem tilefni er til.

Ef nemandi veldur verulegri truflun á kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa nemandanum úr tíma til skólastjórnenda sem ræða við nemandann um eðli brotsins og afleiðingar. Einnig er umsjónarkennara gerð grein fyrir málinu og haft er samdægurs/samstundis samband við foreldra/forráðamenn nemandans. Við ítrekuð brot ber umsjónarkennara að reyna að leita orsaka og ráða á því bót m.a. með reglulegum viðtölum við nemandann og forráðamenn. Einnig er skólastjóra gert viðvart og leitað til utanaðkomandi aðila s.s. sérfræðipjónustu sveitarfélagsins eftir því sem tilefni er til. Skólanum er einnig heimilt að meina nemandanum tímabundið þátttöku í kennslustundum og fá honum önnur viðfangsefni innan skólans í umsjá starfsmanns skólans.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Þeir skulu bæta tjón sem þeir valda og eru slík tilvik metin hverju sinni.

Símafrí í Fellaskóla

Við notum ekki síma/ airpods á skólatíma.

Við geymum tækin heima eða í læstum skáp á skrifstofu skólans.

Viðurlög

Ef við brjótum reglurnar er í boði að;

- ♥ Afhenda kennara símann og hann verður geymdur á skrifstofu skólans. Atvikið er skráð í Mentor og það má sækja símtækið í lok dags.
- ♥ Ef nemandi afhendir ekki símtækið eða hefur ekki farið eftir skólareglum varðandi símanotkun í þrjú skipti fer hann á skrifstofu skólans og bíður þar til foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

Við erum í símafrí á skólatíma og það gerir okkur gott

Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er í ferðum á vegum skólans verður hann sendur heim á kostnað forráðamanna sinna.

Alla fjarveru nemenda frá skóla skal skrá inn í Mentor. Við slaka skólasókn er unnið eftir verklagsreglum um skólaforðun (sjá á heimasíðu skólans). Umsjónarkennarar fylgjast með skráningu varðandi nemendur sína og skulu senda forráðamönnum ástundunarpósta a.m.k. mánaðarlega.

Hafi umsjónarkennari vísað málum nemanda til skólastjóra vegna brota á skólareglum eða slakrar skólasóknar er það ákvörðun skólastjórnenda í samráði við umsjónarkennara og foreldra hvort vísa skuli málefnum nemandans inn í Austurlandslíkanið.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum enda verði forráðamönnum og fræðslufirvöldum tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólastjórnenda samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Áætlanir

Undir flípanum Hagnýtt á heimasíðu Fellaskóla www.fell.is eru eftirfarandi áætlanir

- Áfallaáætlun
- Áætlun við einelti
- Eldvarnaráætlun
- Forvarnir gegn skólaforðun
- Jafnréttisáætlun
- Starfsmannastefna
- Viðbrögð við farsóttum
- Símareglur

Undir stoðþjónusta er einnig að finna áætlanir og hagnýtar upplýsingar s.s.

- Móttaka nýbúa
- Stoðþjónusta
- Farsældarþjónusta

Innra mat

Viðfangsefni innra mats á þessu skólaári eru skólanámskráin, starfsáætlun, nám og námsárangur, nemendur, líðan, starfandi og samstarf, stjórnun, aðbúnaður og áherslur skólans.

Hér fyrir neðan má sjá þau viðfangsefni sem Fellaskóli hefur til viðmiðunar í innra mati skólans.

Viðfangsefni sjálfsmats Fellaskóla	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólanámskrá, t.d. stefna, markmið, inntak, nám og námsmat	X		X		X		X		X	
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Nemendur t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X		X		X		X		X	
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X	X		X		X		X		X
Stjórnun	X		X		X		X		X	
Viðmót og menning skóla					X		X		X	
Aðbúnaður			X			X				
Ytri tengsl, samstarf heimilis og skóla, við önnur skólastig og nærsamfélag		x		x		x				
Áherslur skólans		X		X		X	X	X	X	X

Starfsþróun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/ starfsþróunaráætlun sem lögð er fram á hverju starfsári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á meðalári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem er hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér.
- þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við sig nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/ eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að fara á námskeið samkvæmt starfsþróunaráætlun skólans ef hún er gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og kennurum að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (handbók um kjarasamninga bls. 34)

Leiðir til að sinna starfsþróun:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (það telst ekki sem hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun – stýrihópar ýmissa verkefna
- Umbóta og þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám, lestur, myndbönd o.fl.

Skólaárið 2024 – 2025 stóð fræðsluskrifstofa Múlapings fyrir fræðslu frá kl. 15.00 – 16.00 síðasta miðvikudag hvers mánaðar. Fræðslan var ætluð öllum kennurum Múlapings og efistökin voru með ýmsum hætti. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag og sérstaklega með jafningafræðslu þar sem kennarar sögðu frá námi og störfum. Geri ráð fyrir að þessu verði fram haldið skólaárið 2025 – 2026.

Starfsþróun 2025 – 2026

Í vetur verður lögð áhersla á að vinna markvisst með og út frá áherslunum sem við höfum komið okkur saman um að ríki í skólanum. Náms og skipulag á yngsta stigi er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsi. Áherslur á öllum stigum eru aðferðir og hugmyndafræði

Leiðsagnarnáms og við vinnum með jákvæðan aga og lausnahringinn alla daga með það að markmiði að kenna nemendum að leysa úr ágreiningi á uppbyggilegan hátt og þroska samskiptin sín á milli. Haustið 2025 hefjum við innleiðingarferli á Heillasporum sem innleitt verður með markvissum hætti frá skólaþjónustu Múlapings og MMS. Við teljum að hugmyndafræði Heillaspora falli einsstaklega vel að áherslum okkar og viðhorfum. Hægt er að lesa sér til um hugmyndafræði Heillaspora á vef MMS - [Heillaspor | Miðstöð menntunar og skólaþjónustu](#).

Okkar sérkenni og ofuráhersla er á útinám og útinámskennslu þar sem við fléttum saman námsgreinar og verkefni út frá markmiðum námsgreina eins og stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, list- og verkgreinar.

Rauði þráðurinn skólárið 2025 – 2026

Lögð verður áhersla á skólaþróun í útinámi og sjálfrækt hjá öllum nemendum skólans. Leitumst við að vekja áhuga nemenda og gefa þeim tækifæri og verkfæri til að styrkja sig og efla sem einstaklinga. Við hefjum innleiðingarvinnu á endurskoðun greinasviða aðalnámskrár í stýrihópi. Erum áskrifendur að BL vef Háskólans á Akureyri og ætlum að festa vinnulag BL betur í sessi á yngsta stigi. Stofna stýrihópa um þau verkefni sem við erum að vinna að s.s. BL, leiðsagnarnám og jákvæðan aga og koma því vinnulagi inn í menningu skólans á öllum stigum. Hefjum innleiðingu á vinnulagi Heillaspora og vinnum fyrst og fremst með að bæta gæði kennslunnar innan frá, þ.e. með því að skoða okkur sem fagfólk, kennara og það sem við erum að gera í kennslunni og í samskiptum við nemendur. Á síðasta skólaári áttum við fulltrúa í þróunarverkefni SÆG, Rannsóknar og þróunarverkefnið sjálfbær starfsþróun kennara til að auka gæði náms og kennslu í íslensku og raungreinum með aðstoð myndupptöku í kennslustundum. Verkefnið var samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Sveitarfélagsins Múlaþings. Verkefnið fékk tveggja ára styrk úr Menntarannsóknarsjóði 2024 – 2025. Meginmarkmið var að þróa leiðir fyrir faglegt nám kennara um gæði kennslu, með notkun myndupptöku úr kennslustundum og markvissum greiningarramma.

Greiningarramminn sem lá til grundvallar í undirbúningi og skipulagi kennslunnar er Plato matsrammi þar sem unnið (og rannsakaðar eru) fjórar stoðir. Það eru faglegum kröfum í skólastofunni, vitsmunalegum áskorunum í uppbyggingu kennslustundar og samræðum. Stigskiptum stuðningi í kennslu m.a. á stuðningi við nemendur og endurgjöf. Framsetning og notkun námsefnis þar sem sjá má tengingu við fyrra nám, útskýringar á námsefninu og tilgangur. Aðstæður í skólastofunni þar sem tímastjórnun og agastjórnun var skoðuð.

Við ætlum að nýta okkur Plato rammann á þessu skólaári þegar við skipuleggjum kennslu á mið- og unglingastigi og skólastjórnendur ætla að fylgjast með kennslu og taka hana út með plato greiningarrammanum.

Við tókum einnig þátt í samstarfi við aðra skóla í Múlaþingi þar sem teymi var skipað um útinám í öllum skólans sveitafélagsins. Í lok skólaárs fóru fulltrúar kennara í þessu verkefni til Svíþjóðar þar sem kennarar víðsvegar úr Evrópu komu saman og lærðu hver af öðrum að bjarga sér í náttúrunni og leiða útikennslu.

Við vorum með verkefnastjóra útináms skólaárið 2024 – 2025 og byggjum á þessu skólaári á þeirri vinnu sem unnin hefur verið til að festa útinám í sessi í Fellaskóla.

Það er bjargföst trú okkar í Fellaskóla að stunda nám og leik utandyrá í nánd við náttúruna og náttúruöflin styrki nemendur að utan sem innan. Það skapar nemendum einnig tækifæri til að þroskast og læra með öllum skilningarvitum og út frá fjölbreyttum aðferðum og leiðum sem skólastofan hefur ekki upp á að bjóða.

Anna Birna Einarsdóttir
Skólastjóri Fellaskóla